

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2018, miðvikudaginn 12. desember kl. 09.06, var haldinn 21. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12-14, 7. hæð. Ráðssal Viðstödd voru: Gunnlaugur Bragi Björnsson, Alexandra Briem, Kristín Soffía Jónsdóttir, Aron Leví Beck, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Daníel Örn Arnarsson, Baldur Borgþórsson og Rúnar Sigurjónsson. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, Sonja Wiium og Sigurjóna Guðnadóttir. Fundarritari var Björgvin Sigurðarson.

Dagskrá:

(A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. desember 2018.

2. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, miðsvæði M2c-M2g. Múlar-Suðurlandsb,** Mál nr. SN170741
breyting á aðalskipulagi - heimildir um íbúðarhúsnæði

Lögð fram að tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. í desember 2018 fyrir miðsvæði M2c-M2g, Múlar- Suðurlandsbraut, er varðar kröfu um gerð deiliskipulags við breytingu húsnæðis á svæði M2e.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu skv. 31. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til Borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Hverfisskipulag - leiðbeiningar, kynning** Mál nr. SN180716

Lagðar fram og kynntar leiðbeiningar um 1. þakbreytingar, 2. svalir og útlitsbreytingar, 3. borgarbúskap, 4. almenningsrými og 5. borgargötur.

Ævar Harðarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi, nýtt (01.545.1)** Mál nr. SN180683
deiliskipulag

510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð er fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 2. október 2018 um nýtt deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Í tillögunni felst m.a. niðurrif og uppbygging á lóð nr. 18-20 við Dunhaga auk bílskúrsheimilda á tveimur lóðum, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 11. desember 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til Borgarráðs.

5. **Hlíðarendi, breyting á deiliskipulagi (01.62)** Mál nr. SN180360
491299-2239 Valsmenn hf., Laufásvegi Hlíðarenda, 101 Reykjavík
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 16. nóvember 2018 þar sem gerð er athugasemd við birtingu auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem ekki er gerð grein fyrir skiptingu húsnæðis á lóð A á milli Íbúða-, atvinnu- og leikskóla, né gerð grein fyrir fjölda íbúða, bílastæða o.fl. Einnig er lagður fram uppdr. dags. 1. júní 2018 lagf. 30. nóvember 2018.

Samþykkt.

Vísað til Borgarráðs.

6. **Lautarvegur 20, 22, 24 og 26**, breyting á (01.945) Mál nr. SN180816
deiliskipulagi

260166-5819 Sólveig Berg Emilsdóttir, Hörgshlíð 18, 105 Reykjavík

560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík

Lögð er fram umsókn Yrki arkitekta ehf. dags. 27. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Neðan Sléttuvegar vegna lóðanna nr. 20, 22, 24 og 26 við Lautarveg. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum úr fjórum í átta, tvær í hverri húseiningu, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 26. nóvember 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til Borgarráðs.

(E) Samgöngumál

7. **Árleg könnun á ferðavenjum**, Árleg Mál nr. US180411
könnun á ferðavenjum til og frá vinnu og skóla og könnun á heimsókn heimsóknum á útivistarsvæði.

Kynning á árlegri könnun um ferðavenjur frá vinnu og skóla ásamt könnun á heimsóknum á útivistarsvæði.

Jóna Karen Sverrisdóttir frá Gallup tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(A) Skipulagsmál

8. **Ellíðaárvogur/Ártúnshöfði**, rammaskipulag Mál nr. SN160772

Lögð fram tillaga ráðgjafateymis Arkís, Landslags og Verkís fyrir Rammaskipulag Ellíðaárvogs-Ártúnshöfða dags. í janúar 2017. Í tillögunni er sett fram áfangaskipt áætlun um uppbyggingu og þróun svæðisins í samræmi við stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 og vinningstillögu um skipulag svæðisins.

Kynnt.

Vísað til Borgarráðs.

Halldór Eyjólffsson frá Klasa, Björn Guðbrandsson frá Heild fasteignafélagi, Helgi Grímsson sviðstjóri Skóla- og frístundasviðs og Ómar Einarsson sviðstjóri Íþróttá- og tómstundasviðs taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Áheyrnarfulltrúi Flokk fólksins, Rúnar Sigurjónsson, leggur fram svohljóðandi bókun:

Undirritaður telur að mikilvægt sé við uppbyggingu á svæðinu að ekki sé verið að ýta út af svæðinu léttum iðnaði og atvinnurýmum fyrir þjónustufyrirtæki á kostnað íbúabyggðar. Skortur á iðnaðarhúsnæði í Borginni er viðvarandi og hafa fyrirtæki með léttan iðnað og þjónustu verið, að mati, undirritaðs að flýja í nágrennasveitafélög og á óhentug jaðarsvæði. Við uppbyggingu á svæðinu telur undirritaður að mikilvægt sé að tryggja atvinnu á svæðinu sem nýtast myndi íbúum í hverfinu og tilgangur þess að minnka umferð og fólksflutninga til og frá vinnu. Með því að tryggja og þá skapa á svæðinu rými fyrir atvinnustarfsemi mun það ýta undir möguleika í hverfinu fyrir billausan lífsstíl. Með þessu sér undirritaður fyrir sér að það sé hér tækifæri til að skapa rými í blöndu við íbúðabyggð fyrir skapandi fólk.

9. **Hólmsheiði, athafnasvæði, nýtt deiliskipulag** (04.4) Mál nr. SN170467

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs um nýtt deiliskipulag fyrir Hólmsheiði, athafnasvæði. Skipulagssvæðið er um 60 ha að stærð og liggur að jaðri vatnsverndarsvæðis Höfuðborgarsvæðisins og er í jaðri græna trefilsins. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir að skipuleggja athafnasvæði, með fjölbreyttum atvinnulóðum innan svæðis, undir ýmis konar starfsemi sem fellur að markmiðum aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, þ.á.m. lóðum fyrir gagnaver, skv. uppdr. Arkís arkitekta dags. 18. október 2018. Einnig er lögð fram greinargerð, skipulagsskilmálar og umhverfisskýrsla Arkís arkitekta ehf. dags. 18. október 2018. Jafnframt er lögð fram fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur, greinargerð Íslenskra orkurannsókna dags. 1. september 2018 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21. september 2018. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til Borgarráðs.

Edda Kristín Einarsdóttir frá Arkís tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúar Skipulags- og samgönguráðs bóka: Skipulags- og samgönguráð leggur til að framkvæmd deiliskipulagsins og uppbygging á svæðinu verði unnin í góðu samstarfi við Veitur og HER til að tryggja innleiðingu og örugga útfærslu þeirra ofanvatnslausna sem eru settar fram í greinargerði skipulagsins.

10. **Stekkjjarbakki Þ73, nýtt deiliskipulag** (04.6) Mál nr. SN160907

Kynnt tillaga Landslags ehf. dags. 7. desember 2018 að deiliskipulagi fyrir Stekkjjarbakka Þ73. Um er að ræða nýtt skipulag á svæðinu norðan Stekkjjarbakka þar sem er skilgreint opið svæði og þróunarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í tillögunni eru skilgreindar nýjar lóðir, byggingareitir og hámarks byggingarmagn á svæðinu. Sýndar eru nýjar aðkomur inn á svæðið og fjöldi bílastæða skilgreint.

Þráinn Hauksson frá Landslagi tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. **Austurhöfn, breyting á deiliskipulagi** (01.11) Mál nr. SN180821

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar. Í breytingunni felst að skipulagsreitur er minnkaður um 451 fm. við það að skipulagsmörk í Pósthússtræti eru færð nær lóðinni Austurbakka 2 þannig að þau liggja 3 metra frá lóðarmörkum, samkvæmt uppdr. Batterísins Arkitekta ehf. dags. 28. nóvember 2018. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til Borgarráðs

12. **Kvosin, breyting á deiliskipulagi** (01.1) Mál nr. SN180765

Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar. Í tillögunni felst breyting á afmörkun skipulagsins í samræmi við breytta afmörkun á skipulagi Austurhafnar. Breytingin er tilkomin vegna þess að ráðgert er að gera gömlu Steinbryggjuna sýnilega og gera að torgsvæði, en svæðið skaraði tvenn skipulagsmörk, samkvæmt uppdr. Landmótunar, dags. 5. nóvember 2018. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til Borgarráðs

13. **Hesthúsabyggð á Hólmsheiði,** (05.8) Mál nr. SN180135
Almannadalur, breyting á deiliskipulagi
500299-2319 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Landslags ehf. dags. 28. febrúar 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hesthúsabyggðar á Hólmsheiði, Almannadal. Í breytingunni felst að skipta hverri lóð við Fjargötu og Vegbrekku í fjórar lóðir þannig að eitt hús er á hverri lóð, kvöð er um lagnaleið að nýjum lóðarmörkum. Hringgerði vestan við Vegbrekku 7 er fært til samræmis við staðsetningu í raun. Bætt er við beitarhólfi vestan við hesthúsasvæðið, samkvæmt uppd. Landslags ehf. dags. 7. desember 2018.
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til Borgarráðs

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

14. **Vogabyggð svæði 5,** nýtt deiliskipulag (01.45) Mál nr. SN180390
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 17. október 2018 þar sem gerð er athugasemd við birtingu auglýsingu um samþykkt nýs deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda. Einnig er lögð fram umsögn Vegagerðarinnar dags. 31. október 2018, umsögn Hafrannsóknarstofu dags. 19. nóvember 2018, umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 20. nóvember 2018 og umsögn Umhverfisstofnunar dags. 26. nóvember 2018. Jafnframt eru lagðir fram uppdættir Jvantspijker og Teiknistofunnar Traðar dags. 29. maí 2018 lagf. 6. desember 2018, greinargerð og skilmálar Jvantspijker og Teiknistofunnar Traðar dags. 29. maí 2018 lagf. 6. desember 2018 og minnisblað Teiknistofunnar Traðar dags. 6. desember 2018.
Tillagan er samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar fulltrúa Pírata Alexöndru Briem og fulltrúa Samfylkingarinnar Kristínar Soffíu Jónsdóttur og Arons Levís Beck.
Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Hildur Björnsdóttir, Eypór Laxdal Arnalds og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá við afgreiðslu erindisins.
Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Hildur Björnsdóttir, Eypór Laxdal Arnalds og Valgerður Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúi Miðflokksins Baldri Borgþórssyni og áheyrnarfulltrúi Flokk fólksins Rúnar Sigurjónsson bóka: Rétt er að staldra við og vernda lífríki Elliðaáa, enda ýmis aðvörunarljós sem blikka. Í umsögnum Umhverfisstofnunar, Vegamálastofnunar og Veiðimálastofnunar eru gerðar talsverðar athugasemdir við deiliskipulagið. Í umsögn Veidimálastofnunar segir meðal annars: “Nýlega er komin fram „Stefnumótun um líffræðilega fjölbreytni í Reykjavík“ sem Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur unnið að. Þar er meðal annars getið um verndun lífríkis fjöru og strandsjávar sem og lífríkis í ferskvatni. Önnur hönd Umhverfissviðs er því að vernda búsvæði lífvera á meðan hin höndin er að granda þeim. Það eru því allmargar röksemdir fyrir því að fara með ýtrustu varfærni gagnvart lífríki Elliðaáanna og ósasvæðis þeirra.” Við teljum því rétt að sitja hjá við þessa afgreiðslu og ítrekum þá skoðun okkar að friðlýsa eigi Elliðaárdalinn og nærumhverfi hans.
Vísað til Borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

15. **Hraunbær-Bæjarháls,** breyting á (04.33) Mál nr. SN180826
deiliskipulagi
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
670510-0340 a2f arkitektar ehf., Laugavegi 26, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn a2f arkitekta ehf. dags. 30. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulags Hraunbæjar-Bæjarháls. Í breytingunni felst breyting á staðsetningu lóðar-

og byggingarreits fyrir dreifistöð rafmagns, samkvæmt uppdr. a2f arkitekta ehf, dags. 22. nóvember 2018.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

16. **Barónsstígur 2-4 og Skúlagata 36**, breyting (01.154.3) Mál nr. SN180156
á deiliskipulagi

690310-0900 Reitir VII ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Teiknistofu Arkitekta ehf. dags. 5. mars 2018 ásamt bréfi dags. 6. mars 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Barónsreits vegna lóðanna nr. 2-4 við Barónsstíg og 36 við Skúlagötu. Í breytingunni felst heildar endurskoðun á þróun uppbyggingar á reitnum. Meðal annars er lögð til L laga nýbygging á 1-6 hæðum frá Hverfisgötu inn í reitinn sem verður með til að mynda torg að götu og samtenging allra bygginga á reitnum, samkvæmt uppdr. Teiknistofu Arkitekta ehf. dags. 14. febrúar 2018 br, br 21. júní 2018 og 3. nóvember 2018. Tillagan var auglýst frá 17. júlí til og með 28. ágúst 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigurður Valgeir Guðjónsson f.h. Rauðsvíkur ehf., Hverfisgötu 85-93 ehf. og Hverfisgötu 92 ehf. dags. 21. ágúst 2018, Daníel Þór Magnússon f.h. Hverfisstígs ehf. dags. 24. ágúst 2018 og G og Ó lögmenn f.h. húsfélagsins að Skúlagötu 32-34 dags. 27. ágúst 2018. Einnig er lögð fram umsögn Veitna ohf. dags. 28. ágúst 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. ágúst 2018 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018. Umsókn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018 samþykkt
Vísað til Borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

17. **Kirkjustétt 2-6**, breyting á skilmálum (04.132.2) Mál nr. SN180833
deiliskipulags

450400-3510 VA arkitektar ehf, Borgartúni 6, 105 Reykjavík
530516-0670 M fasteignir ehf., Bæjarlind 14-16, 200 Kópavogur

Lögð fram umsókn VA arkitekta ehf. dags. 5. desember 2018 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Grafarholts deiliskipulag svæði 1-norðurhluti vegna lóðarinnar nr. 2-6 við Kirkjustétt. Í breytingunni felst að útkragandi svalir, sem áður máttu ná 0,8 metra út fyrir byggingarreit, mega nú ná 1,0 metra út fyrir byggingarreit, samkvæmt tillögu VA arkitekta ehf. dags. 5. desember 2018.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lilja Grétarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Kl. 12.56 vikur Alexandra Briem af fundi.

Kl. 12.56 tekur Sabine Leskopf sæti á fundinum.

18. **Hallgerðargata 20**, breyting á deiliskipulagi (01.345.3) Mál nr. SN180666

420369-6979 Brynja, Hússjóður Öryrkjabandal, Hátúni 10c, 105 Reykjavík
560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík

Lögð er fram umsókn Arkitekta Laugavegi 164 ehf. dags. 25. september 2018 ásamt bréfi dags. 25. september 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna lóðarinnar nr. 20 við Hallgerðargötu. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni ofanjarðar, fjölgun íbúða, fjölgun bílastæð í kjallara o.fl., samkvæmt uppdr. Ask Arkitekta ehf. 27. nóvember 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Frestað.

Hrafnhildur Sverrisdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

19. **Kjalarnes**, framtíðarskipulag fyrir Mál nr. SN180842
sóknarkirkju á Kjalarnesi

Lagt fram bréf sóknarnefndar Brautarholtssóknar dags. 24. nóvember 2018 um að gert sé ráð fyrir lóð eða landi undir framtíðar sóknarkirkju á vegum þjóðkirkjunnar í framtíðarskipulagi á Kjalarnesi.
Vísað til Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofa skipulagsfulltrúa.

(B) Byggingarmál

20. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa**, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1000 frá 4. desember 2018.

21. **Ægisíða 44**, Viðbygging bak við hús (01.555.006) Mál nr. BN055166
071073-4919 Magnús Geir Þórðarson, Ægisíða 44, 107 Reykjavík
100476-5849 Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Ægisíða 44, 107 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. september 2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypta viðbyggingu norðan við hús og til að breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 44 við Ægisíðu. Erindi var grenndarkynnt frá 21. september 2018 til og með 19. október 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Hjalti Kristjánsson f.h. TD á Íslandi dags. 17. október 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. október 2018 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2018.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2018 samþykkt. Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

(E) Samgöngumál

22. **Barónsstígur 63**, Sérmerkt p-stæði Mál nr. US180431

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 27. nóvember 2018 vegna sérmerkrar p-stæði fyrir íbúa að Barónsstíg 63, staðsett við enda Leifsgötu. Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

(D) Ýmis mál

23. **Rökkvatjörn 6 og 8**, málskot (05.052.3) Mál nr. SN180822
010757-7469 Björgvin Ibsen Helgason, Álfaskeið 70, 220 Hafnarfjörður

Lagt fram málskot Björgvins Ibsens Helgasonar f.h. Bf. Sperrur ehf. dags. 16. nóvember 2018 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 14. september 2018 um hækkun á fyrirhuguðu byggingum á lóð nr. 6 og 8 við Rökkvatjörn þannig að fjöldi hæða verði fimm.
Frestað.

24. **Betri Reykjavík/þín rödd**, USK2018110067

Mál nr. US180433

Lagt fram erindið "Stígurinn með sjónum undir Hamrahverfinu " sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 30. nóvember 2018. Erindið var efst í málaflokknum framkvæmdir.

Vísað til Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofa reksturs og umhirðu.

25. **Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks**, öryggi gangandi og hjólandi

Mál nr. US180299

Lögð fram tillaga fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags og samgönguráði fara fram á að tafarlaust verði farið í þær úrbætur á öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda í Grafarvogi líkt og bent er á í skýrslu er unnin var af umferðaröryggishóp hverfisráðs Grafarvogs. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 14. nóvember 2018.

Tillöguninni er vísað frá með fjórum atkvæðum fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar og fulltrúa Samfylkingarinnar Kristínar Soffíu Jónsdóttur, Sabine Leskopf og Arons Levis Beck gegn þremur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Hildar Björnsdóttur, Eyþórs Laxdal Arnalds og Valgerðar Sigurðardóttur.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds og Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúi Miðflokksins Baldur Borgþórsson bóka: Það frumkvæði íbúa sem kristallast í skýrslu um umferðaröryggismál í Grafarvogi er gott dæmi um gagnlegt starf hverfisráða. Ábendingar íbúa fóru í úttekt hjá sérstökum umhverfisöryggishóp hverfisráðsins og var hann skipaður fagaðilum og íbúum. Í umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs er staðfest að ábendingarnar eru margar réttmætar. Það skýtur því skökku við að vísa tillögunni frá. Eðlilegra hefði verið að samþykkja hana með sameiginlegri bókun um forgangsroðun framkvæmda.

Fulltrúar Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson og fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir, Sabine Leskopf og Aron Levis Beck bóka:

Umferðaröryggisáætlun 2019-2023, sem er í vinnslu fyrir alla Reykjavík, hefur nýlega verið kynnt í skipulags- og samönguráði. Í kjölfarið verða unnar aðgerðaráætlanir fyrir hvert hverfi fyrir sig. Þar er lagt heildstætt mat á vástaði og verður unnið eftir þeirri áætlun til að auka öryggi allra í umferðinni á sem skilvirkastan hátt. Þess má geta að samfelld er unnið að auknu umferðaröryggi um alla borg með sérstakri áherslu á gönguleiðir skólabarna og eru ýmsar tillagðar framkvæmdir í Grafarvogi nú þegar á dagskrá.

26. **Tillaga frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks í samgöngu- og skipulagsráði**, Teinagrindverk.

Mál nr. US180328

Lögð fram tillaga frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks í samgöngu- og skipulagsráði.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir því að teinagrindverk sem notuð eru til þess að skilja á milli veghelminga verði fjarlægð á þeim vegum sem Reykjavíkurborg hefur umsjón með. Slíkar girðingar eru t.d. á Grensásvegi, Suðurlandsbraut, Réttarholtsvegi og fleiri stöðum. Nú þegar hefur Vegagerðin tekið niður stóran hluta af teinagirðingum á sínum vegum innan borgarmarkanna, enda hafa orðið alvarleg slys vegna þessa teinagirðinga. Teinagirðingarnar eru ekki viðurkennd og árekstraprófuð aðferð við umferðargötur. Ný og viðurkennd útfærsla hefur verið sett í staðin, eins og á Miklubraut.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar og fulltrúum Samfylkingarinnar Kristínar Soffíu Jónsdóttur, Sabine Leskopf og Arons Levis Beck gegn þremur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds og Valgerður Sigurðardóttir.

Fulltrúar Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson og fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir, Sabine Leskopf og Aron Levis Beck bóka: Það er ekki metið tímabært að fjarlægja teinagrindverk í Reykjavík án frekari skoðunar og er framlögð

tillaga því felld. Vert er þó að geta að umræddar girðingar eru víða til skoðunar og verða þær fjarlægðar ef faglegt mat á umferðaröryggi á þeim svæðum gefa tilefni til.

27. **Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks,** Mál nr. US180345
salernisaðstaða við Mógilsá

Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks varðandi að salernisaðstaða verði sett upp við Mógilsá. Eitt fjölfarnasta útivistarsvæði borgarinnar er við Mógilsá, en þar er engin salernisaðstaða utan opnunartíma Esjustofu.

Tillöguninni er vísað frá með fjórum atkvæðum fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar og fulltrúa Samfylkingarinnar Kristínar Soffíu Jónsdóttur, Sabine Leskopf og Arons Levís Beck gegn þremur atkvæðum fulltrúum Sjálfstæðisflokksins Hildar Björnsdóttur, Eyþóri Laxdal Arnalds og Valgerðar Sigurðardóttur.

Fulltrúar Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson og fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir, Sabine Leskopf og Aron Leví Beck bóka: Á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs þann 3. október 2018 var umhverfis- og skipulagssviði falið að koma með tillögur að verkefnislýsingu fyrir endurskoðun að aðkomu að fjölförnu útivistarsvæði við Esjurætur, m.a. fyrir áningu, umhverfismerkingar og hreinlætisaðstöðu. Í ljósi þess er eðlilegt að vísa tillögunni frá í skipulags- og samgönguráði.

28. **Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks,** Mál nr. US180346
salernisaðstaða við Gufunesbæ.

Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks varðandi að salernisaðstaða verði sett upp við Gufunesbæ. Svæðið umhverfis Gufunesbæ er gríðarlega fjölsótt. Ekkert aðgengi er að salernum á svæðinu eftir opnunartíma frístundamiðstöðvarinnar. Einungis þeir hópar sem hafa pantað afnot af svæðinu utan opnunartíma geta fengið aðgang að salernum með því að starfsmaður Gufunesbæjar sé á staðnum og er þá greitt fyrir slíka þjónustu. Leggja fulltrúar Sjálfstæðisflokks til að komið verði upp aðstöðu sem börn og fullorðnir hafi aðgang að eftir opnunartíma Gufunesbæjar.

Samþykkt

Fulltrúar Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson og fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir, Sabine Leskopf og Aron Leví Beck bóka: Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir fjármagni í uppbyggingu almenningssalerna og þar er m.a. eyrnamerkt fé fyrir slíka aðstöðu í Gufunesi. Það er fulltrúum Samfylkingar og Viðreisnar í samgöngu- og skipulagsráði því bæði ljúft og skylt að samþykkja þessa tillögu enda er hún nú þegar á áætlun og segja má að hún hafi verið samþykkt að lokinni annarri umræðu um fjárhagsáætlun sem fram fór í borgarstjórn í síðustu viku.

29. **Veltusund 3B,** kæra 72/2018, umsögn, (01.140.2) Mál nr. SN180375
úrskurður

701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 15. maí 2018 ásamt kæru dags. 14. maí 2018 þar sem kærð er neikvæð afgreiðsla umhverfis- og skipulagsráðs frá 25. apríl 2018 um breytta notkun eftri hæða húss við Veltusund 3B. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 8. júní 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 6. desember 2018. Úrskurðarorð: Kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur frá 25. apríl 2018, um að staðfesta neikvæða afgreiðslu skipulagsfulltrúa á fyrirspurn, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Lagt er fyrir skipulagsyfirlönd í Reykjavík að taka umsókn kæranda frá 22. mars 2018, um breytingu á skilmálum deiliskipulags Kvosarinnar vegna lóðar nr. 3b við Veltusund, til efnislegrar afgreiðslu án ástæðulauss dráttar.

30. **Hlíðarendi,** kæra 140/2018 (01.62) Mál nr. SN180841
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 7. desember 2018 ásamt kærðu dags. 6. desember 2018 þar sem kærð er ákvörðun borgarráðs frá 25. október 2018 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda.

31. **Fyrirspurn frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks**, Upplýsingar um hávaða vegna bílplans við Egilshöll í Grafarvogi Mál nr. US180435

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði óska eftir upplýsingum um það hvort að íbúar hafi kvartað undan hávaða vegna bílplans við Egilshöllina í Grafarvogi, þar sem áhugasamir ökuþórar hafa verið að nýta sér svæðið með tilheyrandi hávaða. Ef borist hafi kvartanir hversu margar hafa þær verið og hvernig hefur þeim þá verið svarað? Vísað til Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðstjóra.

32. **Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins**, fyrirspurn er varðar brú yfir Breiðholtsbrautina Mál nr. US180436

Fyrir hönd borgarfulltrúa Kolbrúnar Baldursdóttur legg ég fram eftirfarandi fyrirspurn Borgarfulltrúi vill fá að vita um kostnað við brúnnar og aðdraganda að ákvörðun um smíði hennar.

Jafnframt hvort að það liggja fyrir hver hugsanleg nýting brúarinnar séð þar sem ábendingar hafa komið um litla sem enga notkun hennar.

Jafnframt að þegar komið er frá Seljahverfi yfir brúnnar þ.e. frá suðvesturs til norausturs er ekki hægt að fara niður í neðra Breiðholt. Spurt er, hvort það sé endanlegt skipulag?

Vísað til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 14:08

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Gunnlaugur Bragi Björnsson

Sabine Leskopf
Aron Leví Beck
Hildur Björnsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Eyþór Laxdal Arnalds
Valgerður Sigurðardóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2018, þriðjudaginn 27. nóvember kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 999. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Olga Hrund Sverrisdóttir, Oskar Torfi Þorvaldsson, Sigríður Maack, Harri Ormarsson og Jón Hafberg Björnsson. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Aðalstræti 6 (01.136.502) 100592 Mál nr.
BN055495
601299-2679 LMK fasteignir ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík
680390-1189 Best ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík
450905-1430 Miðbæjarhótel/Centerhotels ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir gluggum á 5., 6. og 7 hæð norðvesturgafls, færa til herbergi ætluð hreyfihömluðum á sömu hæðum og smávægilegum breytingum á innréttingum herbergja í hóteli á lóð nr. 6 við Aðalstræti.
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 20. nóvember 2018 og brunahönnun dags. 19. nóvember 2018.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
2. Asparfell 2-12 (04.681.001) 112291 Mál nr.
BN055477
670575-0479 Asparfell 2-12, húsfélag, Asparfelli 12, 111 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN043295 vegna lokaúttektar í leikskóla á fyrstu hæð í húsi á lóð nr. 12 við Asparfell.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
3. Ármúli 13 (01.263.103) 186269 Mál nr.
BN055454
691206-4750 LF2 ehf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053854 sem felst í minni háttar breytingum á útliti og innra fyrirkomulagi í húsi á lóð nr. 13 við Ármúla.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögdum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
4. Ármúli 5 (01.262.002) 103514 Mál nr.
BN055386
421210-0710 B-29 Invest ehf, Ármúla 5, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi í núverandi hóteli sem er í flokki IV, tegund a) og taka í notkun nýja álmu fyrir 83 gesti auk þess að setja nýja reyklosunarstokka í kjallara og útsogsrör á austurgafli á húsi á lóð nr. 5 við Ármúla.

Afrit af tölvupósti frá framkvæmdarstjóra Prófasts ehf., dags. 19. október 2018, bréf hönnuðar með útskýringum á úrbótum vegna athugasemda, dags. 7. nóvember 2018 og undirritað samþykki 2ja meðeigenda á lóð mótt. 9. nóvember 2018, undirritað samþykki allra eigenda fyrir útsogsröri frá eldhúsi á austurgafli, ódags. en sent með tp. frá GP arkitektum þann 16. nóv. 2018, fylgir erindinu. Breyttur texti í umsókn um byggingarleyfi mótt. m. tp. frá TAG teiknistofa ehf, dags. 14. nóv. 2018.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

5. Ásvegur 11 (01.353.121) 104239 Mál nr.
BN054831

291278-5909 Auður Jóna Erlingsdóttir, Ásvegur 11, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja hæð ofaná hús, byggja svalir og utanáliggjandi stigahús, skipta húsi í tvær eignir og innréttu geymslur í bílskúr húss á lóð nr. 11 við Ásveg.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. júlí 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2018.

Stækkun: 70,2 ferm., 161,7 rúmm.

Stærð húss eftir stækkun: 213,1 ferm., 468 rúmm.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. nóvember 2018 fylgir erindi.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Lagfæra skráningu.

6. Bauganes 17 (01.672.115) 188229 Mál nr.
BN055375

010360-2779 Sveinhildur Vilhjálmsdóttir, Bauganes 17, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta fyrirkomulagi þvottahúss og geymslu ásamt því að setja skyggni fyrir ofan útihurð í húsi á lóð nr. 17 við Bauganes.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

7. Bergstaðastræti 14 (01.180.212) 101700 Mál nr.
BN055332

640216-0930 Grettisberg ehf., Bergstaðastræti 10a, 101 Reykjavík

581298-3669 Fíkjur ehf., Bergstaðastræti 10a, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund a, í kjallara húss nr. 14 við Bergstaðastræti.

Útskrift úr gerðabók embættis afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 26. október 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. október 2018. Einnig fylgir Greinagerð húsfélags dags. 23. nóv. 2018.

Gjald kr. 11.000

Frestað.
Vísað til athugasemda.

8. Bildshöfði 9 (04.062.001) 110629 Mál nr.
BN055470
410316-2260 MAXIMON ehf., Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík
510315-2860 Opus fasteignir B9B ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir matarmarkaði og sex veitingastöðum í rými 0104, einum í flokki I - tegund C og fimm í flokki II - tegund C, ásamt starfsmannarými og þurrvörulager í hluta rýmis 0105 í húsi á lóð nr. 9 við Bildshöfða.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
9. Blikastaðavegur 2-8 (02.496.101) 204782 Mál nr.
BN055486
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum milli mátlína 6-10 þar sem gerð er grein fyrir ?? sem hafa verið gerðar í húsinu á lóð nr. 2 til 8 við Blikastaðaveg.
Stækkun: XX ferm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
10. Brautarholt 2 (01.241.201) 103019 Mál nr.
BN055471
670812-0810 Almenna C ehf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051678 þannig að stjórnbúnaður vatnsúðakerfis færir úr starfsmannarými niður í kjallara og texta um brunavarnir verður breytt í gististað í flokki II í húsi á lóð nr. 2 við Brautarholt.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Lagfæra skráningu.
11. C-Tröð 5 (04.765.405) 112487 Mál nr.
BN055447
190364-2679 Hjörtur Sigvaldason, Kleifarás 13, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka hesthús með því að byggja kaffistofu á annarri hæð í austurenda hússins þar sem nú er hlaða í hesthúsi á lóð nr. 5 við C- Tröð.
Stækkun: 48,2 ferm., 117,1 rúmm.
Meðfylgjandi er samþykki eigenda dags. 22. október 2018 (9 af 10 eigendum).
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
12. Dragháls 28-30/F (04.304.301) 111020 Mál nr.
BN054979
460607-1320 SG Fjárfestar ehf., Fosshálsi 27-29, 110 Reykjavík
610291-1639 Kjötismiðjan ehf., Fosshálsi 27-29, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050847 þannig að innra skipulagi rýma 0101, 0102 og 0105 er breytt og eignum fjölgað úr fimm í sjö í húsi, mhl 01 á lóð 27-29 við Fossháls/28-30 Dragháls.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

13. Elliðabraut 4-6 (04.772.301) 195949 Mál nr.
BN055406
671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054252 þannig að innra skipulagi í bílakjallara og inngörðum er breytt í fjölbýlishúsum á lóð nr. 4-6 við Elliðabraut. Erindi fylgir brunahönnun frá EFLU uppfærð 26. október 2018.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
14. Fiskislóð 31 (01.089.101) 209683 Mál nr.
BN055360
680708-0290 Sjávarbakkinn ehf., Dalapíngi 12, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052435 þannig að innra skipulagi er breytt, tímabundin opnun gerð á milli séreigna 0201 og 0212 og eignum fækkað úr 12 í 6 á 3. hæð í húsi á lóð nr. 31 við Fiskislóð.
Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 12. nóv. 2018 fylgir.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Þinglýsa skal kvöð um tímabundna opnun milli séreigna 0201 og 0212 fyrir útgáfu byggingarleyfis. Opnun milli eigna skal lokað verði starfsemi breytt.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
15. Fjölнисvegur 11 (01.196.506) 102662 Mál nr.
BN055193
490616-1280 Djengis ehf., Borgartúni 29, 105 Reykjavík
010381-4799 Ingólfur Abraham Shahin, Vesturás 40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja nýjan kvist á norðurhlið, gera nýjan stiga milli annarrar hæðar og rishæðar, breyta innra fyrirkomulagi og lækka land við suðurhlið húss á lóð nr. 11 við Fjölнисveg.
Jafnframt er erindi BN055016 dregið til baka.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2018.
Stækkun: 9,9 ferm., 17,1 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Erindi er í skipulagsferli.
16. Frakkastígur 9 (01.173.029) 101516 Mál nr.
BN055449
490316-0940 Aurora Arctica ehf., Mýrarseli 6, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053119 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 9 við Frakkastíg.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

17. Freyjubrunnur 29 (02.695.503) 205733 Mál nr.
BN055445
651016-0880 Freyjubrunnur 29, húsfélag, Freyjubrunni 29, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að setja upp svalalokanir á svölum eignahluta 0201, 0202, 0301 og 0302 á lóð nr. 29 við Freyjubrunn.
Stækkun B rými á 3. hæð: xx,x ferm., 57,1 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. nóvember 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. nóvember 2018.
Gjald kr. 11.000
Synjað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. nóvember 2018.
18. Gerðarbrunnur 2-10 (05.056.401) 206052 Mál nr.
BN054702
540814-0230 Kjalarland ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tvö steinsteypt fjölbýlishús með alls 12 íbúðum á lóð nr. 2-10 við Gerðarbrunn.
Stærðir:
Mhl.01: A-rými 629,1 ferm., 2.192,7 rúmm. B-rými 145,3 ferm., 432,9 rúmm.
Mhl.02: A-rými 609,4 ferm., 2.139,5 rúmm. B-rými 166,9 ferm., 497,4 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. júní 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2018 og 5. október 2018.
Bréf umsækjanda ódags. fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
